

Ed.

357. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal:

- a. slysatryggingardeild tryggingarstofnunar ríkisins greiða uppbætur á dagpeninga, dánarbætur og örorkubætur til slysatryggðra manna eða skylduliðs þeirra í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar.
- b. hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóða til sjúkrasamlaga samkv. 1. málsgr. 35. gr. hækka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar í lok hvers ársfjórðungs.
- c. lífeyrissjóður Íslands greiða 30% — þrjátíu af hundraði — af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 2. tölul. 80. gr. laganna.
- d. innheimta iðgjöld til lífeyrissjóðs Íslands samkv. 1. tölul. 49. gr. með viðauka í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar 1. apríl það ár, sem gjaldið er á lagt. Gjaldauki, sem nemur minnu en 50 aurum, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur 50 aurum eða meiru.
- e. tekjuhámark það, sem samkv. 1. málsgr. 24. gr. er skilyrði fyrir að njóta sjúkrasamlagshlunninda gegn greiðslu á einföldu iðgjaldi, miðast við umreiknaðar hreinar tekjur, að frádregnum persónufrádrætti.

2. gr.

Ríkissjóður endurgreiði lífeyrissjóði Íslands þann hluta af framlagi sjóðsins samkvæmt c-lið 1. gr., sem er umfram $\frac{3}{4}$ hluta af tillagi lífeyrissjóðsins samkv. 79. gr. laganna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 73 7. maí 1940.